

að gólfleti, þar af innri forstofa 4,059 m<sup>2</sup> og eldhús 7,89 m<sup>2</sup>. Með tilliti til þessa svo og herbergjafjölda og tölu manna í fjölskyldunum, þá þykir skv. 1. gr. húsaleigulaganna nr. 39 frá 1943 mega fallast á það álit húsaleigunefndar, að gerðarbeiðandi hafi ekki brýna þörf fyrir aukið húsnæði handa dóttur sinni og manni hennar, og verður því að neita um framgang gerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

**Þvi úrskurðast:**

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 10. maí 1944.

Nr. 116/1943. **Valdstjórnin** (Magnús Thorlacius)

gegn

**Gunnari Gunnarssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Ölvun við akstur bifreiðar.

**Dómur hæstaréttar.**

Sannað er, svo sem í héraðsdómi segir, að kærði hefur ekið bifreið með áhrifum áfengis aðfaranótt 14. nóvember 1942, brotið rafmagnsstaur og valdið spjöllum á rafleiðslunni. Varðar brot þetta við 21., sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935, og 23., sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing kærða hæfilega ákveðin 12 daga varðhald. Svo þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta hann ökuleyfi 1 ár alls.

Kærði hefur eftir uppsögn héraðsdóms greitt skaðabætur þær, er honum var í héraði dæmt að greiða. Verður því ekki lagður dómur á skaðabótakröfuna í hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki rannsakað, hvort kærði hefur með atferli sínu gerzt brotlegur við 176.

gr. 2. mgr. hegningarlaga nr. 19/1940. Þá hafa eftir uppsögu héraðsdóms orðið þau mistök, að veitt hefur verið á skrifstofu héraðsdómara viðtaka fésekt þeirri, er kærða var gerð í héraðsdómi, án þess að fyrir hendi væri skipun dómsmálaráðherra um framkvæmd héraðsdóms. Var þetta brot gegn 15. gr. tsk. 24. jan. 1838, en ekki er upp komið, hvort það gerðist með vitund og vilja héraðsdómara. Loks hefur héraðsdómari sjálfur samtímis því, að hann birti kærða áfrýjunarstefnu dómsmálaráðherra, heimt af honum málskostnað samkvæmt héraðsdómi. Var þetta einnig brot gegn greindu lagaákvæði. Verður að vita vömm þessi.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Gunnarsson, sæti varðhaldi 12 daga.

Kærði er sviptur ökuleyfi 1 ár alls.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Jóns Ásbjörnssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur löggluréttar Árnassýslu 9. sept. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 9. sept. kl. 1.30 e. h., var í lögglurétti Árnassýslu, sem haldinn var í húsinu Mörk á Eyrarbakka af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4/1943: Valdstjórnin gegn Gunnari Gunnarssyni, Gistihúsinu á Eyrarbakka. Mál þetta er höfðað gegn kærða fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og er dómtekið nú samdægurs.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. nóv. 1902 á Eyrarbakka, og hefur áður sætt refsingum sem hér segir: Samkvæmt dómi hæstaréttar frá 4. nóv. 1932, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 231. gr. alm. hegningarlaga, skv. réttarsætt í lögglurétti Reykjavíkur

Þann 1. okt. 1940, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri. Bifreiðarstjóraráttindi kærðs hafa reynzt í lagi.

Þann 13. nóv. 1942 var kærður Gunnar Gunnarsson, staddur í Reykjavík og keypti þá 8 flöskur af sterku áfengi. Kl. 6 e. h. sama dag tók hann sér far með áetlunarbifreið úr Reykjavík til Eyrarbakka og hafði meðferðis áfengið, 7 flöskur í pakka og eina flösku tiltæka, sem hann drakk af á leiðinni. Þegar til Eyrarbakka kom, lagði mættur flöskupakkann afsíðis úti við, til þess að ekki yrði vart við hann heima hjá honum, en þegar hann ætlaði að fara að vitja um pakkann stundu síðar, fann kærður ekki pakkann og áleit þá í svipinn, að hann hefði gleymt að taka hann úr bifreiðinni, sem þá var farin til Stokkseyrar.

Kærður tók þá bifreiðina X—67, sem hann ekur að jafnaði, og fór í henni til Sigurðar Ingvarssonar, bifreiðarstjóra í Hópi á Eyrarbakka, og fékk hann með sér til Stokkseyrar til þess að leita að flöskupakkanum. Ferðin bar ekki árangur, enda fannst pakkinn á Eyrarbakka og var tekinn í geymslu þar, unz honum var komið til skila fáum dögum síðar.

Á þessu ferðalagi til Stokkseyrar var kærður undir áfengisáhrifum, og er það sannað með játningu kærðs sjálfs og auk þess framburði vitnanna Sigurðar Ingvarssonar og Kristins Gunnarssonar, bróður kærðs. Kærður hefur enn fremur játað að hafa ekið bifreiðinni X—67 að heiman frá sér til Sigurðar Ingvarssonar að Hópi og sömu leið til baka og hann hefur loks ekki treyst sér til þess að mótmæla þeirri staðhæfingu Sigurðar Ingvarssonar, að hann hafi ekið bifreiðinni alla leið til Stokkseyrar.

Með þessu hefur kærður brotið gegn 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 23. gr. sbr. 38. og 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Kærður skildi við Sigurð Ingvarsson hjá heimili hans, Hópi, austarlega á Eyrarbakka og ók heimleiðis. Var klukkan þá um eitt aðfaranótt 14. nóv., að sögn Sigurðar. Kærður kveðst hafa ekið rակleitt frá Sigurði vestur eftir þorpínu heim til sín og að bilskúr þeim, sem bifreiðin X—67 er geymd í. Var hann nýbúinn að aka bifreiðinni inn í skúrinn, þegar Kristinn Jónasson rafstöðvarstjóri og aðstoðarmaður hans, Sigurður Guðmundsson, komu til hans, og bar Kristinn þegar upp á kærðan, að hann hefði brotið rafmagnsstaur, sem hann hafði þá fyrir örskömmu ekið framhjá. Kærður neitaði þá þegar og jafnan síðan undir rekstri málsins að hafa brotið staurinn.

Umrædda nótt, um kl. 1, voru þeir Kristinn Jónasson og Sigurður Guðmundsson staddur hvor í sínu húsi, sem standa saman á Eyrarbakka, er þeir urðu þess varir, að rafljósín slokknuðu og heyrdu hávaða að utan, sem síðar reyndist hafa stafað af því, að rafmagnsstaur brotnaði, en hann stóð hér um bil 50 metrum

vestan við hús þeirra. Kristinn Jónasson hafði einnig orðið þess var, örskömmu áður en ljósin slokknuðu, að bifreið hafði verið ekið vestur veginn fram hjá húsi hans. Þeir Kristinn og Sigurður fóru tafarlaust út og komu samtímis út á götuna. Hröðuðu þeir sér vestur veginn og sáu, hvar staurinn lá brotinn norðan vegarins. Héldu þeir síðan viðstöðulaust vestur götuna, unz þeir komu þar að, sem Gunnar Gunnarsson var að setja bifreiðina X—67 inn í bifreiðaskúrinn, sem að framan greinir. Þeir Kristinn og Sigurður sáu engin merki á bifreiðinni eftir árekstur við staurinn önnur en grænleitan lit utan á hægra skjólborði (á pallinum), sem þeir töldu sennilegt, að hefði komið af staurnum.

Í málinu hefur komið fram vitnisburður Kristins Gunnarssonar, bróður kærðs, á þá leið, að hann hafi setið áður nefnda nótt við glugga í húsi sínu og verið að bíða eftir kærðum, þegar hann sá kærðan koma í bifreiðinni X—67 austan veginn og um leið tvær setuliðsbifreiðar úr sömu átt, aðra rétt á undan og hina rétt á eftir bifreiðinni X 67. Héldu þær báðar áfram vestur götuna, þegar kærður stöðvaði sína bifreið við skúrinn. Gegn þessum vitnisburði er frásögn Sigurðar Ingvarssonar um, að hann hafi horft á eftir kærðum í bifreiðinni X—67 vestur frá heimili sínu og þá hafi engar aðrar bifreiðir verið sjáanlegar á veginum, svo og frásögn kærðs sjálfs um, að hann hafi ekið rակleitt frá Sigurði heim til sín og alls engra bifreiða orðið var, hvorki á undan sér né eftir. Þótt kærður segði Kristni bróður sínum frá samtali þeirra Kristins Jónassonar þegar í stað, leiddi Kristinn Gunnarsson að því sinni enga athygli að fyrrnefndum setuliðsbifreiðum, og verður framburður hans ekki látinn hafa áhrif á niðurstöðu málsins.

Kristinn Jónasson rafstöðvarstjóri hefur lagt fram sunðurliðaðan reikning yfir kostnað sinn af því að koma upp nýjum rafmagnsstaur og krafizt þess, að kærður verði dæmdur til að greiða sér upphæðina, kr. 596.00. Enginn sjónarvottur hefur fundizt að því, er staurinn var brotinn, en bæði Kristinn Jónasson og Sigurður Guðmundsson hröðuðu sér tafarlaust þangað, sem staurinn stóð og síðan áfram að bifreiðarskúr kærðs. Er þessi leið öll aðeins um 230 metrar, og er því sýnt, að kærður hefur ekið fram hjá staurnum mjög í sömu andráníni, sem hann brotnaði. Hins vegar er ekki vitað um neina aðra umferð á sömu slóðum á svipuðum tíma. Þykja því nægilega miklar líkur fram komnar í málinu til þess að telja megi upplýst, að kærður hafi brotið umræddan rafmagnsstaur með því að aka á hann bifreiðinni X—67. Þykir sennilegt, að það hafi borið að með þeim hætti, að kærður, sem var svo drukkinn, að á honum sá, hafi ekið bifreiðinni hratt, en skort vald á henni, svo að hún hafi tekið slagi til hliðanna til skiptis, og hefur þá pallurinn og skjólborðið hægra megin slegizt

að staurnum og brotið hann. Þykir því ekki orka tvímælis um það, að dæma beri kærðan til þess að greiða Kristni Jónassyni umkrafða upphæð, kr. 596.00.

Refsing kærða fyrir framangreind brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum þykir hæfilega ákveðin 500 króna sekt, sem afplánist með 10 daga varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins. Enn fremur ber að svipta kærðan ökuréttindum um 4 mánaða skeið frá sama tíma að telja.

Loks ber honum að greiða allan sakarkostnað.

**Því dæmist rétt vera:**

Kærður, Gunnar Gunnarsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur leyfi til þess að mega stjórna bifreið 4 mánuði frá sama tíma að telja.

Hann greiði enn fremur innan 4 vikna frá dómsbirtingu Kristni Jónassyni rafstöðvarstjóra samkvæmt kröfu hans iðgjöld, að upphæð kr. 596.00. Loks greiði hann allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 12. maí 1944.

Nr. 109/1943. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Bjarnheiði Brynjólfsdóttur**

(Sveinbjörn Jónsson).

Brot á verðlagsákvæðum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo að sekt kærðu sé kr. 300.00, sem afplánist varðhaldi 10 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.